
GLUGGAR ÚT Í NÝJA H

Roberto Matta er eini eftirlifandi meistari súrrealistahópsins en hann er fæddur í Chile árið 1911. Þrátt fyrir háan aldur er hann hins vegar síungur í list sinni og heldur áfram að reyna á þanþol hennar. ÞRÖSTUR HELGASON ræddi við Alain Sayag sem hefur valið verk á sýningu sem Matta opnar á Kjarvalsstöðum í dag. Sayag, sem er safnvörður við Pompidou-safnið í París, segir frá markmiðum listar Matta, súrrealismanum, samvinnu Matta og Errós og verkunum á sýningunni.



„SÚRREALISMINN er hugsanaflæði utan við skynsemi og dómgreind, utan við fagurfræðilega og móralska afskip

LISTAMENN eru alltaf að glíma við sama vandamálið," segir Alain Sayag sýningarstjóri, „að endurskapa heiminn. Maðurinn er mótaður af tímanum og rúminu sem hann lifir í en hann mótar þau einnig. Við skynjum heiminn á mismunandi hátt; ég sé hann ekki sömu augum og þú — eða flugan hérna í gluggakistunni. Skynjunin skapar. Þess vegna eru listaverkin eins og litlir gluggar á landslaginu í kringum okkur, gluggar þar sem við fáum að líta nýja heima. Út á þetta gengur listin, að færa okkur nýja heima, heiminn í nýju ljósi; út á þetta gengur súrrealisminn og út á þetta gengur list Robertos Matta."


Myndir af nýjum heimi

Roberto Matta er eini eftirlifandi meistari súrrealistahópsins. Verk hans eru til sýnis í öllum helstu listasöfnum heims, auk þess sem verk hans, myndir og textar hafa verið gefin út í fjölda bóka í gegnum tíðina. Matta fæddist í Chile árið 1911 en fluttist til Evrópu árið 1930 eftir að hafa stundað nám í arkitektúr. Hann komst fljótlega í kynni við myndlistarmanninn Magritte og fékk vinnu á teiknistofu Le Corbusier. Það er hins vegar ekki fyrr en árið 1937 að Matta byrjar að mála. Myndir hans vekja strax athygli listamanna á borð við Dalí, Picassó og André Breton, forsprakka súrrealistahópsins sem Matta fær inngöngu í þetta sama ár. Matta dvaldi í Bandaríkjunum alla seinni heimsstyrjöldina. Árið 1948 var hann rekinn úr súrrealistahópnum og fluttist þá aftur til Evrópu þar sem hann tók virkan þátt í andófi gegn „mannskemmandi iðnaðarsamfélagi samtímans".

„Segja má að meginmarkmið Matta hafi verið að draga upp mynd af þessum nýja og tæknivædda heimi sem hann hefur alltaf haft óbeit á," segir Sayag. „Hann vill opna augu fólks fyrir þessum heimi, sýna hliðar á honum sem það vissi ekki að væru til. Og honum tókst það. Í verkum hans birtist ný tilfinning fyrir heiminum, í þeim skynjar maður tímann og rúmið sem við lifum í á nýjan og nýjan hátt."

Hrein sjálfvirkni

Súrrealistar snerust gegn vitsmunalegu viðhorfi til listsköpunar og leituðust við að tjá það sem dulvitundin hafði að geyma. Í stefnuyfirlýsingu súrrealismans árið 1924 skilgreinir André Breton súrrealismann sem „hreina sjálfvirkni þar sem gerandinn tjáir, í orðum eða á annan hátt, virkni hugsunarinnar. Súrrealisminn er hugsanaflæði utan við skynsemi og dómgreind, utan við fagurfræðilega og móralska afskiptasemi". Kannski var Matta rekinn úr hreyfingunni vegna þess að hann fór að taka afstöðu til samfélagsmála í æ ríkari mæli eftir seinna stríð. Sífelld óeining virðist raunar hafa ríkt innan hópsins.



„SEGJA má að meginmarkmið Matta hafi verið að draga upp mynd af þessum nýja og tæknivædda heimi sem hann hefur alltaf haft óbeit á," segir Alain Sayag sem stýrir sýningu á verkum súrrealistans, Roberto Matta, sem er opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

Sayag segir það ekki mikilvægt hvers vegna Matta var rekinn úr hópnum. „Menn voru mislengi í honum og Matta aðeins í tíu ár. Það sem skiptir máli eru þau áhrif sem súrrealisminn hafði á myndlistina, sá nýi heimur sem hann leiddi okkur fyrir sjónir. Og eins og áður sagði er þetta enn þá markmið Matta. Hann er enn þá ungur þrátt fyrir háan aldur, hann er ungur eins og listamenn eru yfirleitt. Hann er sífellt að reyna á þanþol listarinnar. Þetta ætti ekki að fara fram hjá neinum sem sækir sýninguna hér á Kjarvalsstöðum."

Samstarf við Erró

Matta hefur löngum haft yndi af því að vera í sambandi við yngri listamenn og þaðan sækir hann ef til vill kraft sinn. Á sjötta áratugnum kynntist hann Erró sem þá var nýkominn til Parísar. Þeir unnu saman nokkrar myndaraðir þar sem þeir skiptast á að teikna upp myndbygg-